

Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur
Samkvæmt lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur

Ásgeir Björnsson
Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. AB DAF BP SA
10. okt. 2011
11.25.2
Tilv. UST2010120077

Reykjavík 1. október, 2011


Varðandi: Umsókn Vilhjálms Svansonar og Tilraunastöðvar HÍ í meinafræði á Keldum, dagsett 8. desember 2010 um afmarkaða notkun erfðabreyttrar örveru af flokki II – Hesta-herpesveira.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt af öllum átta viðstöddum meðlimum ráðgjafanefndarinnar. Á fundi þann 19. september 2011 kom fram að eftirlitsaðili frá Umhverfisstofnun hafi tekið út öryggismál hjá stofnuninni. Tilraunastöðin á Keldum er mjög vel tækjum búin til rannsókna á veirum og yfir 60 ára árangursríka reynslu í veirurannsóknum. Þá er starfslið stofnunarinnar, öryggismál og verkferlar á þann hátt að nefndarmenn töldu ekki ástæðu til að mæla með frekari ráðstöfunum til afmörkunar.

Umsögn samþykkt af ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur

Starfsemin fellur undir reglugerð nr 275/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera. Umsóknin er um leyfi fyrir afmarkaðri notkun erfðabreyttrar hesta-herpesveiru. Tilgangur starfseminnar er að vinna bóluefni til bólusetninga við sumarexemi í hrossum og til rannsókna á sýkilferli. Unnið verður í frumuræktarhúddi í afmörkuðu rými. Allur úrgangur, frumuræktarflöskur, vökvi og allt plast (glös, oddar, osfrv.) sem hafa komið í snertingu við veirur er gufusvæfður. Samkvæmt umsókn eru gammaherpesveirur í hestum lítt sjúkdómsvaldandi, en allir hestar eru sýktir með gammaherpesveirum. Ekki er talið að fyrirhugaðar innsetningar á genum muni hafa í för með sér breytinar á sýklingamynd.

Ráðgjafanefndin hefur kynnt sér umsóknina. Eftirlitsaðili UST hefur gert nefndinni grein fyrir aðstöðu, öryggismálum og verkferlum á Tilraunastöð HÍ á Keldum á fundi nefndarinnar þann 19. september sl. Sækja þarf um leyfi til MAST (yfirdýralæknir), þegar komið er að dýratilraunum. Ráðgjafanefndin hefur ekkert við umsóknina að athuga og leggur einróma til að leyfi verði veitt.

Virðingarfyllst

Ragnhildur Sigurðardóttir